



**HÁDEGIS-TILBOÐ**

- Lítil pizza af matseðli → Pizza af matseðli, miðstærð
- 0,5 lítra gos → 0,5 lítra gos

1.000 KR. 1.500 KR.

Gildir alla daga frá 11–16 ef þú sækir



**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIDISTORGI  
**HAGKAUP**



SELTJARNARNESBÆR

[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)



## Sólveig Pálsdóttir bæjarlistamaður 2019

Sólveig Pálsdóttir rithöfundur var útnefnd bæjarlistamaður Seltjarnarness 2019 við hátíðlega athöfn á bókasafni Seltjarnarness sl. föstudag. Þetta er í 23. sinn sem bæjarlistamaður Seltjarnarness er útnefndur en í fyrsta sinn sem að rithöfundur hlýtur þennan heiður.

Menningarnefnd Seltjarnarness sér um val bæjarlistamanns ár hvert og veitti Guðrún Jónsdóttir formaður menningarnefndar Sólveigu viðurkenningarskjal ásamt starfsstyrk að upphæð 1.000.000 kr. sem fylgir nafnbótinni.

Framhald á bls. 2



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)



ÓKEYPIS  
GREIÐSLUMAT  
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA  
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka  
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Ríkið mun reka hjúkrunarheimilið

Viljayfirlýsing heilbrigðisráðherra um yfirtöku Vigdísarholts ohf. á rekstri hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi hefur höggvið á þann hnút sem orðinn var vegna þess að bærinn hafði vísað rekstri þess frá sér.

Ljóst er að þrýstingur hafði skapast um opnun þess frá Landlækniseimbættinu og Landsspítala háskólasjúkrahúsi þar sem við mikinn vanda er að etja vegna vöntunar á rými fyrir fólk sem heilsu sinnar vegna getur ekki búið lengur á heimilum sínum.

Vanda við rekstur hjúkrunarheimila má að hluta rekja til þess að hann var eitt þeirra verkefna sem ætlunin var að færa frá ríki til sveitarfélaga. Sveitarfélög sóttust eftir þessum verkefnum og hófu mörg byggingu heimilanna í góðri trú að þetta væri framkvæmanlegt. Staðreyndin er hins vegar sú að fjármunir sem þarf til reksturs hefur ekki fylgt eftir af hálfu ríkisins og sveitarfélög setið uppi með fjárhagslegan vanda vegna þessa. Af þeim sökum hafa samningar um rekstur þeirra gengið til baka.

Engar líkur eru til að sveitarfélög haldi áfram að sækjast eftir rekstri hjúkrunarheimila. Til hvers það leiðir er ekki að öllu ljóst en vel má vera að yfirtaka Vigdísarholts ohf. á rekstri hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi sé vísir fram á veginn. Eitt er víst að stöðugt eykst þörfin fyrir hjúkrunarrými.



Guðrún Jónsdóttir formaður menningarnefndar, Sólveig Pálsdóttir rithöfundur og bæjarlistamaður 2019 og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

#### Framhald af forsiðu.

Sólveig hefur búið á Seltjarnarnesi til fjölda ára og ætíð gefið mikið af sér til menningarmála í bæjarfélaginu. Var meðal annars formaður menningarnefndar í 8 ár, á árunum 2002-2010 og kom á þeim tíma mörgum góðum menningartengdum verkefnum á koppinn. Sólveigu hefur enn fremur í gegnum tíðina verið trúað fyrir ýmsum störfum í nefndum og fagráðum er varða listir og menningu innan og utan Seltjarnarness.

Ekki er ofsögum sagt að Sólveig er afar fjölhæf á sviði lista, skapandi greina og miðlunar. Hún er í grunninn menntuð leikkona frá Leiklistarskóla Íslands og starfaði sem slík auk þess að vera dagskrárgerðarmaður hjá RÚV frá 1982-1990. Sólveig leikur enn öðru hverju og lék m.a. í sjónvarpsþáttaröðunum Dagvaktin, Venjulegt fólk sem og Réttur 1 og Réttur 2.

Á árinu 1996 lauk Sólveig almennri bókmenntafræði og kennsluréttindanámi frá Háskóla Íslands. Hún hefur starfað sem íslensku-, tjáningar- og leiklistarkennari auk þess sem hún hefur haldið fjölda námskeiða fyrir einstaklinga og stjórnendur sem vilja bæta sig í samskiptum, sjálfstýrkingu, tjáningu og framkomu.

Frá árinu 2013 hefur Sólveig starfað sem rithöfundur. Þegar hafa komið út eftir hana fjórar glæpasögur sem allar hafa hlotið góða dóma og vinnur Sólveig nú að sinni fimmtu bók sem kemur út í haust. Fyrsta skáldsagan hennar, Leikarinn kom út árið 2012, Hinir réttlátu árið 2013, Flekklaus árið 2015 og Refurinn árið 2017. Bækur hennar hafa verið gefnar út erlendis og bíómynd eftir Leikaranum hefur verið í undirbúningi. Að auki vinnur breskt kvikmyndafyrirtæki að fjármögnun sjónvarpsþáttaraðar byggða á bókinni Refurinn.

Sólveigu Pálsdóttur og fjölskyldu eru færðar innilegar hamingjuóskir með heiðursnafnbótina, Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2019 og munu Seltirningar að sjálfsgöðu fá að njóta hæfileika hennar á árinu.



Sólveig umkringd fjölskyldu sinni á hátíðarstundu við útnefningu hennar sem Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2019.



ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband  
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook



# DAGSKRÁ FEBRÚAR 2019

## Gallerí Gróttu - Sýning

### Soffía Sæmundsdóttir

sýnir verk sín í Gallerí Gróttu á sýningunni **Órætt landslag**. Sýningunni lýkur 24. febrúar.



## 4. febrúar kl. 20–22

### SelGARNanes og nágrenni

Áhugafólk um hannyrðir hittist einu sinni í mánuði og á notalega stund saman við handavinnu, hjálpar hvert öðru og deilir hugmyndum. Allir velkomnir. Nánar á FB-síðu hópsins: [SelGARNanes og nágrenni](#)



## 5. febrúar kl. 19.30–20.30

### BÓKMENNTAKVÖLD – Auður Ava og Ungrú Ísland

Auður Ava Ólafsdóttir fjallar um og les upp úr nýrri metsölubók sinni **Ungrú Ísland** sem heillað hefur marga lesendur upp úr skónum enda sögð afar vönduð og falleg bók.



## 6. febrúar kl. 17.30

### Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan *Tröllastrákurinn sem gat ekki sofnað*.

Höfundur: Sigríður Arnardóttir  
Myndir: Freydís Kristjánsdóttir



## 8. febrúar kl. 17–21

SAFNA  
NÓTT  
8. FEBRÚAR '19

### FJÖRUG SAFNANÓTT Á BÓKASAFNINU

Skemmtileg stemning og fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna á Safnanótt sem er hluti af **Vetrarhátíð á Seltjarnarnesi**.

Tónlist, fönður, leikir, happdrætti o.fl.

## 14. febrúar

### VALENTÍNUSARDAGUR



**RAUTT** þema og frægustu ástarævintýri bókmenntanna auk þess sem börnin geta fönðrað Valentínusarkort í tilefni dagsins.

Allir **HJARTA**nlega velkomnir í Bókasafn Seltjarnarness á Valentínusardaginn.

## 16. febrúar kl. 11–12

### Lesið fyrir hund – Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning á [sigrídur.gunnarsdóttir@seltjarnarnes.is](mailto:sigrídur.gunnarsdóttir@seltjarnarnes.is)



## 28. febrúar kl. 17

### Sýningaropnun í GALLERÍ GRÓTTU

### Rósa Sigrún Jónsdóttir

opnar sýningu sína **Strúktúr** í Gallerí Gróttu. Sýningunni lýkur 31. mars.



### Ertu ekki örugglega á póstlistanum?

Skráðu þig á Bókasafni Seltjarnarness eða sendu póst á [bokasafn@seltjarnarnes.is](mailto:bokasafn@seltjarnarnes.is) og við setjum þig á listann.



Bókasafn  
Seltjarnarness

Opnunartími:

Mán. - fim. 10-19 og fös. 10-17. Lau. 11-14

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170, Netfang: [bokasafn@seltjarnarnes.is](mailto:bokasafn@seltjarnarnes.is)



## Bærinn tekur 500 milljóna lán

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að 500 milljónir króna með lokagjaldþaga þann 5. maí 2034 og 5. nóvember 2055, í samræmi við skilmála að lánsamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi og til byggingar á fimleikasal við íþróttamiðstöð Seltjarnarnes sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

### ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utfarin.is](http://www.utfarin.is)  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

### ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



# Rekstur hjúkrunarheimilisins tryggður



Fyrstu íbúarnir munu flytja á hjúkrunarheimilið á útmánuðum.

Hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi mun taka til starfa á útmánuðum. Samkvæmt viljayfirlýsingu heilbrigðisráðherra sem undirrituð hefur verið mun Vigdísarholt ehf., sem er einkahlutafélag í eigu ríkisins annast rekstur nýja hjúkrunarheimilisins á Seltjarnarnesi. Þá mun félagið einnig taka að sér rekstur dagdvalarrýma í bæjarfélaginu sem ætlunin er að fjölga töluvert.

Framtíð hjúkrunarheimilisins hefur verið í nokkurri óvissu eftir að ljóst var að Seltjarnarnebær ætlaði ekki að koma að rekstri þess þrátt fyrir samningsbundna ábyrgð á honum. Samkvæmt viljayfirlýsingunni tryggir heilbrigðisráðuneytið greiðslur fyrir rekstri 40 hjúkrunarrýma af hálfu Sjúkratrygginga Íslands frá 1. febrúar nk., en gert er ráð fyrir að það geti tekið allt að þrjá mánuði að koma heimilinu í fullan rekstur. Haft er eftir Steingrími Ara Arasyni formanni stjórnar Vigdísarholts hægt verði að taka við fyrstu vistmönnum í byrjun apríl en nokkurn tíma mun taka að ganga endanlega frá stofnuninni þótt Seltjarnarnesbær hafi afhent hjúkrunarheimilið til Vigdísarholts. Mikill vandi hefur skapast á Landspítala háskólasjúkrahúsi vegna skorts á hjúkrunarrýmum fyrir fólk sem þarf á slíkri þjónustu að halda en er fast á spítalanum vegna þess að hvergi er hægt að koma því fyrir. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur lagt áherslu á að tryggja opnun heimilisins um leið og það er tilbúið til reksturs. Tafarlaus opnun þess er einnig eitt af því sem sérstaklega er nefnt í hlutaúttekt embættis landlæknis til að bregðast við alvarlegri stöðu á bráðamóttöku Landspítalans.



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN

### Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



**Tjónaskoðun**  
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



**Rétting og máling**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



**Framrúðuskipti**  
Skiptum um framrúður og önnunnt annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bíl.



**Smáviðgerðir**  
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is)  
[www.tjon.is](http://www.tjon.is)





# VIÐ ÓSKUM SELTJARNARNESBÆ OG VELFERÐARRÁÐUNEYTI TIL HAMINGJU MEÐ NÝTT OG GLÆSILEGT HJÚKRUNARHEIMILI OG DAGDVÖL

ARKÍŚ  
arkitektar

Strendingur ehf.  
verkfræðipjónusta

 **HNIT**  
VERKFRÆÐISTOFA

VERKHÖNNUN  
VERKFRÆÐIRÁÐGGJÖF

  
LANDARK

  
RAFSKOÐUN

 LOTA

ráðgjöf  
**TRIVIUM**  
15 ÁRA 2003-2018

Arkís arkitektar • Strendingur verkfræðipjónusta, byggingastjórn og verkeftirlit • Hnit burðarpöls- og lagnahönnun  
Verkhönnun raflagnahönnun • Landark lóðarhönnun • Rafskoðun, rafmagnseftirlit • Lota brunahönnun • Trivium hljóðhönnun

## Færri aka yfir leyfilegum hámarkshraða



Á Suðurströnd og Norðurströnd hefur verið komið upp hraðamælum sem mæla hraða ökutækja og birtist broskall ef ökumenn eru á löglegum hraða. Hefur þetta haft góð áhrif og hefur ökuhraðinn lækkað.

## Hugmyndum um grafreit hafnað

- duftgarður gæti komið til greina



Umhverfisnefnd Seltjarnarness telur koma til grein að koma upp duftgarði á lóð Seltjarnarneskirkju.

Hugmyndir um grafreit og duftgarð koma öðru hvoru fram á Seltjarnarnesi. Sumum innfæddum og grónum Seltirningum hugnast ekki að verða jarðsettir langt frá heimahögunum.

Nú hefur umhverfisnefnd Seltjarnarness hafnað hugmyndum um grafreit á Vestursvæðunum á Nesinu. Nefndin er hins vegar tilbúin að skoða með opnum huga tillögur um duftgarð á lóð Seltjarnarneskirkju við Kirkjubraut 2

samkvæmt fundargerð. Talið er að ekki sé rúm fyrir hefðbundin grafreit á Seltjarnarnesi. Land á vestursvæðunum liggur einnig lágt ofar sjávarmáli. Þegar grafin eru sex fet niður í jörðina en hætta á að því sem þar yrði komið fyrir myndi lenda neðan sjávarmáls. Allavega þegar stórstreymt er. Um duftgarð þar sem jarðneskum leyfum fólks að lokinni líkbrennslu yrði komið fyrir gegnir öðru máli líkt og segir í afgreiðslu umhverfisnefndar.

## Stækkunarglerslappar



29.990,-

Vandaðir stækkunarglerslappar í föndur og fína vinnu. Góð birta.



19.998,-

14.998,-

**Glóey** – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · [www.gloey.is](http://www.gloey.is) · [gloey@gloey.is](mailto:gloey@gloey.is)

# Nesfréttir

Auglýsingasími 511 1188

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





# Mathallir Reykjavíkur



Þar sem frumkvöðlar í matargerð  
bítast um bragðlaukana.



Verði þér að góðu!

Þessi miði gildir sem 1000 kr. inneign í Mathöllum Reykjavíkur

Gildir til  
01/05/2019

**HLEMMUR**  
MATHÖLL

GRANDI  
MATHÖLL

[hlemmurmatholl.is](http://hlemmurmatholl.is)  
[grandimatholl.is](http://grandimatholl.is)



## Hjúkrunarheimilið vígt laugardaginn 2. febrúar

Nýtt hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi verður formlega vígt laugardaginn 2. febrúar nk. með hátíðlegri athöfn sem hefst kl. 13.00 og býðst öllum íbúum að koma þann dag og skoða þetta glæsilega húsnæði.

Í athöfninni verður ennfremur tilkynnt um nafn hjúkrunarheimilisins en á dögnum var efnt var til hugmyndasamkeppni meðal íbúa og hefur dómnefnd nú lokið störfum. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag hátíðarinnar verður kynnt öllum íbúum þegar nær dregur.

**Nesfréttir**  
www.borgarblod.is

## Gáfu Grensásdeild blóðþrýstingsmæli



Fulltrúar Grensásdeildar ásamt fulltrúum Lionsklúbbs Seltjarnarness.

Félagarnir í Lionsklúbb Seltjarnarness gáfu Grensásdeild Landsspítalans 24 tíma blóðþrýstingsmæli.

Mælinn er hægt að festa á fólk og með því er hægt að lesa út hvernig blóðþrýstingur er hjá viðkomandi síðasta sólarhringinn á tölvuformi. Þetta tæki er nýtt og kemur sér vel fyrir deildina.



Stefán Yngvason sviðstjóri lækninga á Grensás tekur við gjafabréfinu úr hendi Sigurðar Hall.



# 20% AF ÖLLUM VÖRUM Á FIM & FÖST 24. og 25. jan



**KRISTALS-  
VATNS-  
FLÖSKUR  
& kristallar**  
eru kúl



**VINSÆLI  
JÓGA-  
SAMFESTINGURINN**

Frábær flik úr lífrænni sterkri bómull sem fagfólkið fílar.



**25% AF  
VÍTAMÍNUM**

Viridian er mest verðlaunaða vítamín- og bætiefna línan í dag fyrir gæði og hreinleika.



**FATNAÐUR  
BY SIRRY**

Sirry Örvars er einn okkar fremsti textilhönnuður.



**BLÁR DRYKKUR Á  
BOÐFNABARNUM  
GEGN BLÚS**

Blár matcha hefur slegið í gegnum um allan heim.

Nú í Systrasamlaginu.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

Hugleiðsla alla  
miðvikudagsmorgna kl. 9.15.  
Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

Afgreiðslutími:  
Mán: 9.30-16  
Þri-fös: 9.30-18  
Lau 11-16



# LEYNIST FRÍ Í PUNKTUNUM ÞÍNUM?



**PENINGAR**



**PUNKTAR**

## **Farðu nýja leið út í heim**

Safnaðu Vildarpunktum eftir ýmsum leiðum og draumafrið gæti verið innan seilingar. Þú getur blandað saman punktum og peningum þegar þú greiðir fyrir farmiðann. Hefur þú kannað hvað leynist í punktunum þínum?

# Alltaf sami bókaunnandinn

**B**ryndís Loftsdóttir titlar sig bókaunnanda í símaskránni. Nokkuð óvenjulegur titill í þeirri skrá sem ekki er bókleg lengur heldur listi í rafrænu formi. Hún segir að sér hafa fundist starfstíttill sinn svo óáhugaverður hjá Félagi bókaútgefanda en hún á langan feril að baki með bókum í gegnum tíðina. Hún hefur starfað í stærstu bókabúðum landsins bæði sem almennur starfsmaður, verslunarstjóri og vörustjóri íslenskra bóka. Bryndís er Fellabarn. Alin upp í Fellunum í Efra Breiðholti. Faðir hennar er úrsmiður og var ávallt með verkstæðið sitt inni á heimilinu. „Hann var ekki sjálfur með verslun en sinni viðgerðum og öðru sem við kom úrum og klukkum. Heimilið var því undirlagt af klukkum. Þær héngu oft á öllum veggjum og gengu þar þegar faðir minn var að prufa þær. Stundum kom fólk utan af landi og gísti hjá okkur því foreldrar mínir eru bæði ættuð af landsbyggðinni. Ég man hvað sumum fannst óþægilegt að sofa við klukkna-tífið. Ég tala nú ekki um þegar þær fóru allar að slá sem sumar þeirra gerðu jafnvel á korters fresti. Fyrir nokkrum árum festi Bryndís kaup á húsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi ásamt fjölskyldu sinni. Hún segir tilviljun hafa ráðið staðnum. „Fjölskyldan var farin að stækka og við vorum búin að leita okkur að stærra húsnaði víða. Höfðum líka skoðað í gömlu heimabyggðinni minni í Breiðholti. Þrátt fyrir að vera borinn og barnfæddur Vesturbæingur var maðurinn minn jafnvel spenntari fyrir Breiðholti en ég. Ekkert varð þó af kaupum hvorki þar né annars staðar fyrr en við duttum um þetta ágæta hús á Seltjarnarnesi. Það small utan um fjölskylduna og ekki varð aftur snúið.“ Bryndís spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

Þú kemur úr Fellunum. „Já – ég er alin upp á venjulegu heimili í Fellahverfinu í Efra Breiðholti. Venjulegu að öllu öðru leyti en því að faðir minn vann heima. Hann heitir Loftur A. Ágústsson og er ættaður af Suðurlandi. Þótt hann ynni heima var hann ekki líkur neinni húsmóður. Hann er úrsmiður og var með verkstæði sitt í forstofuherberginu og sinni þar margvíslegum verkefnum



Arnbjörn Ólafsson og Bryndís Loftsdóttir.

Ljósmynd Erling Ó. Aðalsteinsson.

fyrir úrsmíði og úrabúðir. Hann tók verkin heim og vann þar. Móðir mín, Kristjana Petrína Jensdóttir vann aftur á móti á Laugavegi 78. Það er bara örfáum skrefum frá þeim stað þar sem ég starfa nú á horninu á Baronsstígs og Hverfisgötu. Hún vann á skrifstofunni fyrir Þorbjörn í Kjötþúðinni Borg sem rak vel þekktu kjöt- og matvöruverslun í áratugi. Þorbjörn var með mikinn rekstur á þeirra tíma mælikvarða. Stórt eldhús var á hæðinni fyrir ofan verslunina og hann framleiddi tilbúinn mat sem fólk gat komið og keypt og tekið með sér. Margir nýttu sér þessa þjónustu í hádeginu og síðdegis kom fólk og tók mat með sér heim fyrir kvöldið. Þetta hentaði ágætlega fyrir þá sem bjuggu einir og þurftu þá ekki að hafa fyrr eldamennsku. Ég man eftir konu sem orðin var ríflega sjötug

sem hafði þann starfa í eldhúsinu í Borg að skræla kartöflur. Hún sat og skrældi allan daginn. Þetta er nú eitt af því sem mörgu fólki leiðist en það var aldrei á henni að sjá að hún kynni þessu illa. Mér verður stundum hugsað til hennar við heimilisstörfin.“

## Þú reddar þér Bryndís mín

Þú ert alin upp með föður heima á heimilinu en útvinandi móður. Nokkuð sem ekki var algengt. „Þetta var ekki algengt. Faðir minn vildi hafa þetta svona og hann hafði alltaf nóg að gera. Með þessu sparaði hann sér að leigja húsnaði fyrir klukku- og úraverkstæði. Hann sinni mér hins vegar ekki mikið, var til staðar en það var engin þjónusta í boði. Þú reddar þér Bryndís mín var oft viðkvæði hjá honum þar sem hann gráfi sig niður í úrverkin. Ég ól

mig því talsvert upp sjálf. Ég hafði líka oft þann sið að taka strætó niður á Hlemm eftir skóla og hitta mömmu. Ég varð svo samferða henni heim þegar hún var búin að vinna. Þorbjörn var yndislegur maður. Hann var mér alltaf góður og ég man líka vel hversu oft hann rétti matarbita til fólks sem gekk utan alfara leiðar í lífinu og hafði lítið fyrir sig að leggja. Mamma var kersin á fisk enda alin upp á Þingeyri þar sem soðningin kom nánast beint úr sjónum. Ég fór stundum hjá mér þegar hún lét fisksala sýna sér ótal fiskflök áður en hún valdi það rétta. Hún vildi ekki hvað sem var og því kom sér vel fyrir hana að vera innanbúðar í verslun þar sem gæði hráefnis var haft í fyrirrúmi. Ég hef sennilega erfitt þetta frá henni og nýt þess í dag að ein besta fiskbúð á landinu er á Vegamótum á Seltjarnarnesi. Ég þekki reyndar Vegamót frá fyrri tíð því við fórum stundum þangað vestur eftir til þess að versla ef okkur vanhagaði um eitthvað um helgar þegar allar búðir voru lokaðar í Reykjavík. Það er gaman að sjá hvernig Vegamót hafa gengið í endurnýjun lífdaga með fiskbúðinni.“

## Fjallakofar og geitamjólk

„Foreldrar mínir voru hagsýn að því leyti að þau notuðu einn bíl,“ heldur Bryndís áfram. „Mamma fór á bílnum á morgnana en þegar hún kom heim á daginn tók pabbi bílinn og fór niður í bæ. Hann þurfti að fara úrabúðir og hitta þá sem hann var að vinna fyrir. Stundum til að skila af sér verkum eða ná í ný. Við kynnumst svo ferðalögum sem komu meðal annars til vegna starfa pabba. Einkum til Sviss. Pabbi fór öðru hvoru til Sviss vegna vinnu sinnar en í Sviss er mekka úrsmíðinnar. Hann var að kynna sér nýjungar á sínu sviði og fjölskyldan fór þá með honum. Hann blandaði saman vinnuferðum og fríum. Þarna kynntist ég öðruvísi ferðum en þeim sem landinn þekkti hvað best. Við vorum ekki á sólarströndum að borða pizzur eins og margir Íslendingar á þessum tíma. Við komum meðal annars í svissnesk fjallaþorp þar sem spenavolg mjólk var á boðstöðum og ótal útgáfur af dökku brauði.“



## Var bóksölustjóri í FB

Þú ert alin upp á heimili þar sem úr og klukkur voru í fyrirrími en ánetjast svo bókum. „Ég hef alltaf haft áhuga á bókum. Ég fór mikið í bókaþilinn þegar hann kom í Fellin. Ég hafði tilhneigingu til þess að vera bílveik og gamli bókaþilinn var alltaf hafður í gangi þegar hann var á stæðinu. Ég veit ekki af hverju. Ef til vill til þess að halda hita í bókarýminu. Það gat verið þungt loft inn í honum þegar fólk var í blautum úlpum en ég lét mig alveg hafa það, þótt mér væri stundum óglatt. Ég var svo mikill bókaormur. Eftir Fellaskóla fór ég á fjölmiðlabrautina í FB. Þar fór að vinna í bóksölu með náminu og gerðist bóksölustjóri. Leiðin að bókunum er þó ekki alveg samfelld. Kannski munaði ekki miklu að ég færi í fjölmiðlastörf. Ég var á fjölmiðlabraut í FB og sótti um starf við blaðamennsku eftir útskrift. Fór í viðtal hjá Styrmi Gunnarssyni. Við áttum ágætar samræður en ekki tókst mér að heilla hann og ég fór aldrei til starfa hjá Morgunblaðinu. Þess í stað fékk ég vinnu í félagsmiðstöð í Árbæ. Ég hafði mikinn áhuga á leiklist og fór tvítug til London til náms í ALRA – The Academy and Live and Recorded Arts, þaðan sem ég útskrifaðist 1994. Þetta var góður skóli og gaman að kynna breskum leikbókmenntum. Í skólanum var lögð mikil áhersla á sjónvarps- og útvarpsleik sem auðvitað tengdist svolítið gömlu fjölmiðla-framadraunum. Meðan á dvölinni í London stóð kom ég jafnan heim í fríum og fékk þá vinnu í Mál og menningu, fyrst í Síðumúla og svo á Laugaveginum. Eftir heimkomuna var ég þar með annan fótinn en var líka aðeins að daðra við leikhúsið. „Ég fékk meðal annars vinnu sem hvíslari í Þjóðleikhúsinu sem var frábært starf. Ég man að ég var hvíslari fyrir marga þekkta leikara, m.a. Gunnar Eyjólfsson sem var eftirminnilegur karakter sem verðmætt var að hafa náð að kynna örlítið og Ragnheiði Steindórsdóttur, sem einmitt býr hér á Nesinu. Ég leikstýrði líka tveimur áhugaleikfélagsýningum. Það var ótrúlega skemmtilegt og lærdómsríkt. Ég flutti mig svo um set, hætti hjá Máli og menningu og fór að vinna í Eymundsson í Austurstræti sem síðar varð Penninn Eymundsson, stórkostleg búð sem opin var langt fram á kvöld. Á einhverjum tímamarki vantaði verslunarstjóra í búðina og ég fullyrti kokhraust að það myndi aldrei einn nógu vitlaus til að taka starfið að sér. Þremur dögum síðar var ég auðvitað orðin verslunarstjóri. Svona lærir maðni að éta ofan í sig



Bryndís með foreldrum sínum Kristjónu Petrínu Jensdóttur og Lofti Ágústssyni á Bókamessu í Hörpu.



Börn Bryndísar og Arnþjórnir þau Anna, Lárus Karl og Katrín.

Ljósmynd Erling Ó. Aðalsteinsson.

stóru orðin. Ég vann í nær tvo áratugi í bókaþilinum eða frá 1994 til 2013 og leiddist aldrei.“ Ég man eftir yndislegri konu, Pálinu Eggertsdóttur, sem vann í Mál og menningu í Síðumúla. Hún sagði við mig þessi spöku orð: „Ef þú þarft að vinna í verslun, fáðu þér þá vinnu í bókaþilinum“.

### Ekki eins pólitísk og var

Hefurðu nóg af bókum í vinnunni eða er allt fullt af bókum heima. „Við erum með mikið af bókum heima. Maðurinn minn, Arnþjórn Ólafsson, er líka mikið fyrir bækur, mikill lestrarhestur þótt hann starfi á öðru sviði þannig að við erum nokkuð samhent í þessu. Nei – ég hef ekki lesið allar bækurnar sem eru heima. Nokkrar á ég eftir að lesa, þær sitja þarna í hillunum, loforð um framtíðarlestur eins og ein vinkona mín kallar þær. En til að taka af allan vafa þá er ég bókaunnandi en ekki bókmenntafræðingur. Ég hef ekki stundað bókmenntafræði sem fræðigrein eða tekið próf í henni. Bókaáhuginn er miklu eldri en

hugmyndir um háskólanám enda fór ég aðra leið í því efni.“

### Ekki pólitísk í augnablikinu

Þú komst nálægt pólitík. Ertu enn þá pólitísk. „Ekki í augnablikinu. Ég er búin að fara allan hringinn í því efni. Ég byrjaði í gamla Aðþýðubandalaginu en endaði sem varaþingmaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Nú er ég ekki á neinum pólitískum lista og er ekkert að íhuga að fara aftur af stað að því leyti. Alla vega ekki sem stendur.“

### Fundum að lokum hús við Sæbrautina

Þú segir að tilviljun hafi ráðið því að þið fjölskyldan fluttu á Seltjarnarnes. „Við bjuggum áður á Laugateigi en þar var bara eitt barnaherbergi og þrjár stofur. Það var því val um að endurhanna íbúðina eða flytja í hentugra húsnæði þegar fjölskyldan byrjaði að stækka. Þá hófst leit að stærri íbúð eða húsi. Þetta var á árinu 2005 og við vorum búinn að horfa

nokkuð í kringum okkur og skoða íbúðir en ekki með neinn sérstakan stað í huga. Vorum meira að segja búin að skoða húsnæði í mínum gömlu heimahögum í Breiðholti. Við vorum fyrst og fremst að leita að húsnæði sem hentaði okkur og rammaði fjölskylduna sæmilega inn. Að lokum fundum við húsið á Sæbrautinni. Stærðin hentaði okkur vel og þótt við værum ekki að horfa sérstaklega út á Nesið kom umhverfið strax skemmtilega á óvart og þessi gata er náttúrulega frábær þó Sólbrautin sé fallelgrí.“

### Seltirningar eru ekki einsleitur hópur

„Við kynntumst fljótt þeim kostum sem fylgja því að búa á Seltjarnarnesi. Við erum í nálægð við miðborgina og þótt sé stundum talað um að einsleitni ríki á meðal íbúa á Nesinu þá hefur það ekki reynst svo. Hér eru margir fleiri en efnafólk sem komið er yfir miðjan aldur. Hér búa til dæmis margir helstu listamenn þjóðarinnar. Fjölmennið er ekki meira en svo að margir þekkjast og ef maður fer út er viðbúið að hitta einhverja sem maður kannast við. Ég held að það sé líka hluti af góðri forvörn að foreldrar þekktist. Það hefur góð áhrif á kynslóðina sem er að alast upp. Við höfum til dæmis kynnst mörgum foreldrum jafnaldr barnanna okkar vel eftir að við fluttum hingað. Mín upplifun er að Seltirningar séu vinsamlegir og auðvelt að komast inn í samfélagið.“

### Þyrftum að fá myndlistarskóla

Bryndís og Arnþjórn eiga þrjú börn. Lárus Karl sem er 15 ára og þeirra elstur. Önnu 13 ára og Katrín sem er 10 ára. „Börnin hafa notið sín mjög vel á Nesinu. Einkum Lárus Karl sem er mikill náttúrukarl. Umhverfið hentar honum mjög vel. Hann er mikið fyrir útivist og útiveru. Hann gengur eða hjólar stundum allan Neshringinn. Hann er líka mikið fyrir að veiða. Fer oft niður að höfn og getur verið nokkuð fiskinn eins og sagt er. Núna er hann farinn að sleppa fiskum aftur og þeir geta lifað lífinu í sjónum áfram. Við vorum orðin þreytt á þessu aflamagni og kötturinn hafði ekki undan að éta. Þótt mikið sé um íþróttalíf á Nesinu þá stunda mín börn ekki íþróttir. Dætur mínar eru hins vegar báðar í Tónlistarskóla Seltjarnarness sem er aldeilis frábær skóli. Ég ætlaði að að setja eldri stelpuna í nám á blokkflautu þegar hún var sex ára en það gekk ekki. Hún sneri bara við á þröskuldinum og neita að hefja nám, hélt að hún gæti þetta ekki. Það var ekki fyrr en yngri systir

hennar var farin að draga sellóid heim að hún herti upp hugann og fór að læra á píanó þegar hún

byrjaði í 7. bekk. Námið er vel aðlagað að hennar þörfum og hún fær að spila popplög með öðru

námsefni, gengur bara glimrandi vel. Tónlistarnám er svo þroskandi. Þarna hitta börnin kennarann sinn í

einkatíma tvisvar í viku og fókusinn er allur á þeim og þeirra þælingum. Tónlistarkennarar eru nánast eins og sálfræðingar, þeir hlusta á börnin, gefa þeim sjálfstraust, dýpri skilning, áskoranir og trúnað. Ég ráðlegg öllum að prófa, ekki síður þeim eldri, það er aldrei of seint að læra á hljóðfæri. Við grunnskólann starfar líka fullt af frábæru fólki sem aldeilis hefur reynst okkur vel í alla staði. Það er helst að ég hefði viljað sjá myndlistarnám sem hluta af tómstundarframboði hér. Míkir krakkar hafa verið í Myndlistarskóla Reykjavíkur inn í JL húsi en það er svolítið langt í burtu. Og vegna þess að við búum ekki í Reykjavík heldur á Seltjarnarnesi er námið dýrara. Það þyrftu að nást samningar á milli Seltjarnarnesbæjar og skólans um að hann kæmi upp aðstöðu eða deild á Nesinu. Það gæti nýst bæði fyrir börn og fullorðna og ef til vill ekki síst fyrir eldri borgara sem langar til þess að láta gamla drauma rætast en hafa fyrst tíma og tækifæri til þegar hefðbundnum starfstíma lýkur. Svo langar mig að minnast á Eiðistorgið. Miðbæ okkar Seltirninga. Þar hefur Jón von Tetzchner verið að ná góðum árangri við uppbyggingu. Fjárfest í húsnæði og komið spennandi starfsemi í gang. Mér finnst frumkvöðlasetrið frábært framtak og þar nýtur hann reynslu sem hann hefur öðlast af námi og störfum erlendis. Ég vona að þetta starf haldi áfram að þróast og bera ávöxt. Ég held að ætti að gera hann að heiðursborgara á Seltjarnarnesi enda fæddur hér og uppallinn.”

# Nýtt hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi

## Spennandi störf í boði

Hjúkrunardeildarstjórar – Hjúkrunarfræðingar –  
Sjúkraliðar – Starfsfólk við aðhlyningu –  
Iðjubjálfar – Sjúkrabjálfarar – Húsvörður

Leitað er eftir áhugasömu fólki til starfa á nýja 40 rýma hjúkrunarheimilinu að Safnatröð 1 á Seltjarnarnesi.

Í boði er dagvinna- kvöld-helgar-og næturvaktir

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2019.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið starf 1. mars eða eftir nánari samkomulagi.

**Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og Kristín Sigurpórsdóttir mannauðsstjóri: sími 560-4107.**

Sótt er um á heimasíðu [www//sunnuhlid.is](http://www//sunnuhlid.is) merkt Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.



Hjúkrunarheimilið Seltjarnarnesi, Safnatröð 1, 170 Seltjarnarnes

### Alltaf sami bókaunnandinn

Hvað er Bryndís að gera þessa dagana. Hún lítur út um gluggann á skrifstofu sinni á Baronstígunum. Yfir Hverfisgötuna eins og í átt til þess staðar sem Kjötubúin Borg var. “Núna er ég að undirbúa bókmenntaverðlaunin sem veitt eru á Bessastöðum í lok janúar á hverju ári. Svo tekur við að undirbúa stóra bókamarkaðinn sem ég hef sé um undanfarin fimm ár. Hann var lengi haldinn í Perlunni en hefur verið í Laugardalnum að undanfögnu. Hann fjármagnar rekstur Félags bókaútgefenda og vonandi stuðlar hann að auknum bóklestri. Margir leggja leið sína á bókamarkaðinn og sjá þar eitthvað við sitt hæfi enda kennir þar jafnan margra grasa. Ég er líka stjórnarformaður Launasjóðs listamanna og er að fara að senda út bréf til umsækjenda sem verða víst bæði neikvæð og jákvæð. Listamanna-aunin eru gríðarlega mikilvæg fyrir menningarstarfsemi í landinu, forsenda þeirrar grósku sem við njótum öll. Ég er alltaf sami bókaunnandinn og kannski svolitill Seltirningur að auki.”



Umhverfisvottuð málning



Það er  
lítið mál  
að mála!

Litur í auglýsingu  
Djúpsjávargrænn



**Einar Loftsson**

Málarameistari og deildarstjóri  
málningardeild Granda

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 8-18:30

LAUGARDAGA 10-18

SUNNUDAGA 11-17

WWW.BYKO.IS



**BYKO**  
**GRANDI**  
KOMDU Í HEIMSÓKN!



**Lærðu um leið og þú ferðast!**

Ertu fædd/ur 2003, 2002 eða 2001?

Þá getur þú sótt um að fara í skiptináms með Mundo í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Frakklandi og Spáni.

Pantaðu viðtal hjá [mundo@mundo.is](mailto:mundo@mundo.is)

Nánari upplýsingar hjá:  
[margret@mundo.is](mailto:margret@mundo.is)

**MUNDO**  
[www.mundo.is](http://www.mundo.is)




Á myndinni eru Bjarni Tryggvason t.v. og Sigmar Guðbjörnsson framkvæmdastjóri Stjörnu-Odda.

## **Bjarni Tryggvason geimfari heimsækir Stjörnu-Odda**

Bjarni Tryggvason geimfari, er eini Íslendingurinn sem hefur farið út í geim. Hann var staddur hér á landi á dögnum og heimsótti þá fyrirtækið

Stjörnu-Odda í Garðabæ. Bjarni er eðlisverkfræðingur að mennt og fór í 12 daga geimferð árið 1997 með geimskutlunni Discovery.

Stjörnu-Oddi er staðsett í Garðabæ, fyrirtækið er að stærstum hluta í eigu Seltirningana Sigmars og Jóhönnu Ástvaldsdóttur. Stjörnu-Oddi hefur tekið að sér verkefni fyrir NASA, verkefni á Suðurpólnum og skilað því vel frá sér. Í eftirfarandi link má sjá stutta en nánari lýsingar um verkefnið: <https://www.star-oddi.com/case-studies/nasa-sub>. Einnig kemur félagið að verkefnum á vegum Evrópsku Geimfarastofnunarinnar ESA. Fyrirtækið framleiðir mæla sem eru notaðir til umhverfissvöktunar, til rannsókna á hegðun og velferð dýra, auk mælitækja til iðnaðar.

**Nesfréttir Sími: 511 1188**

# **MotorMax**

## **Smurþjónusta**

### **Opnunartímar**

Virka daga 07:45 til 18:00  
Laugardaga 12:00 til 16:00

**Engar tímabætur!**



Motormax ehf  
Vatnagördum 12  
Sími: 545 4040

Við smyrjum alla bíla með hágæða **MOTUL** olíum.

**HJÁLPARSÍMI  
RAUÐA KROSSINS**

**1717**



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á simreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

**+** Rauði kross Íslands



**Sigurþóra Bergsdóttir skrifar**

# Hver á að gera það? Á ég að gera það?

**- bærinn sakaður um vanefndir**

Við sem búum hér á Seltjarnarnesi vitum að innviðir okkar eru sterkir, við erum lítið en vel stætt samfélag og eigum að geta haldið vel utan um alla og boðið þéttrið öryggisnet þar sem enginn lendir útundan. Skyldur okkar við íbúa sveitafélagsins eru ríkar en ekki síður skyldur okkar sem hluti af samfélagi í stærra samhengi. Við eigum ekki að reyna að komast undan ábyrgð og færa kostnað við þjónustu til annarra. Við eigum að sjálfsgöðu að gæta hagsmuna íbúa Seltjarnarness en um leið að vinna að því að sýna úrvalsþjónustu.

Paulsætur meirihluti Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi telur hins vegar best að tækla málin líkt og Indriði sem er persóna í grínþáttunum Fóstbræður. Indriði kallar sífellt upp yfir sig - hver á að gera það - á ég að gera það? Þetta kemur ítrekað fram í samskiptum bæjarins við ríki og sveitafélög í kringum okkur og það versta er að það virðist virka. Við ýttum frá



okkur ábyrgð á því að endursemjá við ríkið um nýja hjúkrunarheimilið, við höfum ekki tekið ábyrgð á því að klára málefni Lækningaminjasafns, það endaði með því að Reykjavíkurborg borgar fyrir stækkun fimleikasalar Gróttu og svona mætti lengi telja.

## Bærinn sakaður um vanefndir

Eitt mál stendur þó upp úr í þessu sambandi. Það er hvernig meirihluti

á Seltjarnarnesi er að taka á mál-efnum vistheimilisins Bjargs. Saga Bjargs er áratuga löng og flókin þar sem ríkið framselur skyldur sínar til félagasamtaka og í raun lætur það dankast að vinna að réttindum þeirra sem þar búa. Hvar skyldur og fé liggur hefur verið allskonar enda yfir 40 ára saga að baki. Bæjarstjóri með stuðningi meirihluta Sjálfstæðismanna hefur valið að fara flóknu leiðina í þessu máli með því að setja það í lagafækju milli bæjar og ríkis. Málið er komið svo langt

að Velferðar- ráðuneytið hefur kært bæinn til Samgöngu- og sveitastjórnar- ráðuneytisins þar sem bærinn er sakaður um vanefndir á að uppfylla lagalegar skyldur. Þetta er grafalvarleg staða.



**Sigurþóra Bergsdóttir.**

## Ættum að sýna frumkvæði

Svar okkar í Samfylkingu Seltirninga er að fara einföldu leiðina. Þarna eru íbúar okkar sveitafélags sem eiga rétt á betri þjónustu. Við ættum að sýna frumkvæði í því að leita lausna svo að þeir séu öruggir, fái góða þjónustu og njóti sammælis og jafnræðis á við aðra íbúa bæjarins. Sækja það fé sem boðist hefur úr jöfnunar-sjóði og leysa málið. Það er samfélagsleg ábyrgð – það er verkefni stjórnenda í sveitafélagi og í þannig sveitafélagi myndi ég vilja búa.



## Íbúafundur um breytingu á deiliskipulagi Bygggarðasvæðis

Íbúafundur um breytingartillögu við gildandi deiliskipulag á Bygggarðasvæði verður haldinn í hátíðarsal Gróttu, **fimmtudaginn 31. janúar kl. 17.**

Páll Gunnlaugsson, arkitekt hjá ASK arkitektum, mun kynna tillöguna.

Verið velkomin

Landey ehf.

**LANDEY**

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Starfsfólk félags og tómsundastarfs eldri bæjarbúa óskar ykkur öllum gleðilegs árs og þakkar ánægjulega samveru og gott samstarf á liðnum árum.

Nú er nýtt dagskrárblað fyrir tímabilið janúar – júní 2019 komið í dreifingu til allra 67 ára og eldri. Í dagskránni er að finna alla fasta liði félagsstarfsins sem hægt er ganga að sem vísam alla virka daga. Einnig eru tíundaðir aðrir viðburðir, óvissuferðir og önnur dagskrá fyrir hvern mánuð fyrir sig, þannig að auðvelt er að fylgjast með dagskránni fram á vorið. Þess vegna ráðleggjum við fólki að geyma dagskrárblaðið vel og jafnvel hengja það upp á minnstöflu eða á ísskápinn. Það er alltof algengt að fólk átti sig ekki á að dagskráin sé unnin svona langt fram í tímann og láti því ýmsa liði fram hjá sér fara sem þeir hefðu viljað taka þátt í. Dagskráin eftir áramótin hófst með félagsvist og öðrum föstum liðum fimmtudaginn 7. janúar. Allir aðrir fastir dagskrárliði ásamt námskeiðum byrjuðu svo í kjölfarið.

Þriðjudaginn 15. janúar heimsóttu grunnskólanemendur úr 8. bekk Mýrarhúsaskóla félagsaðstöðuna á Skólbraut. Skemmtileg nýbreytni fyrir alla aðila að hittast, spjalla saman og spila bingó. Búið er að skipuleggja tvær heimsóknir í viðbót (dagana 19. febrúar og 19. mars milli kl. 13.00 og 14.00) og vonandi er þetta bara byrjunin á einhverju meira og stærra samstarfi með grunnskólanemum.

Sl. haust barst beiðni frá Kiwanisklúbbnum Hraunborgum að styrkja útgáfu á Söngbók heldri borgara sem nefnist Rósin. Erindinu var vísað til bæjarsjóðs sem tók erindinu vel og þann 17. janúar sl. mætti einn af forsvarsmönnum þessarar útgáfu Páll V. Sigurðsson með Gjafabréf til félagsstarfsins og 40 söngbækur, með þeirri ósk að bókin færði gleði og fjör inn í starfið okkar svo og inn á stofnanir aldraðra um allt land. Bestur þakkir fyrir okkur.

Það er árlegur viðburður að Selkórinn bjóði eldri bæjarbúum á Seltjarnarnesi í söngveislu í janúar. Að þessu sinni er boðið miðvikudagskvöldið 23. janúar kl. 19.30, og verður veislan í safnaðarheimili kirkjunnar. Kórinn syngur nokkur lög og býður síðan upp á heitt súkkulaði og krásir. Allir hjartanlega velkomnir.

Á bóndadaginn, föstudaginn 25. janúar verður svo þorramatur í safnaðarheimili kirkjunnar fyrir eldri bæjarbúa kl. 18.00. Skráningarblöð liggja frammi í kirkjunni, Skólbraut og Eiðismýri. Verði stillt í hof. Allir velkomnir.

Þann 14. febrúar verður fyrsta „Óvissuferð“ ársins farin, en þá heimsækjum við Íslenska erfðagreiningu. Þar fáum við kynningu og leiðsögn. Kaffihús á eftir. Skráningarblöð liggja frammi á Skólbraut og í Eiðismýri.

Öll dagskrá tómsundastarfs eldri bæjarbúa kemur fram á dagskrárblaðinu sem allir eiga að vera búnir að fá inn um lúguna. Ef einhver hefur ekki fengið dagskrá má nálgast hana í félags og tómsundaaðstöðunni á Skólbraut 3-5. Einnig má ná í dagskrána á seltjarnarnes.is og fara inn á aldraðir og svo félagslíf aldraðra. Einnig eru settar auglýsingar í Morgunblaðið á hverjum degi undir félagslíf aldraðra. Skráning og allar aðrar upplýsingar eru hjá forstöðumanni félags og tómsundastarfsins Kristínu Hannesdóttur. Sími 893 9800. kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is

## UMHVERFISHORNID



Gamla lögguhliðið.

## Minjar úr sögu Seltjarnarness

Í ofsaveðri í apríl 2015 féllu tröurnar við Snoppu eins og spilaborg en þær höfðu verið eitt af kennileitum Seltjarnarness. Í kjölfarið hvatti Jón Snæbjörnsson til þess á Facebook að tröurnar yrðu endurreistar og svaraði hópur Seltirninga kallinu.



Jón og Steinunn Árnadóttir garðyrkjustjóri héldu síðan utan um verkefnið. Tröurnar voru endurreistar af sjálfbóðaliðum haustið 2016 Seltirningum til sóma. Til að styðja frekar við þetta verkefni hefur umhverfisnefnd fjárfest í efni sem notað verður til að þetta tröurnar næsta vor.

Hópur gamalgróinna Seltirninga tók sig til í byrjun nóvember 2018 í samráði við bæjaryfirvöld og endurreisti gamla lögguhliðið á vestursvæði Seltjarnarness í landi Ness en hliðið hafði legið niðri áratugum saman. Eftir seinni heimsstyrjöld var hliðinu komið fyrir til þess að stöðva bílaumferð út í Suðurnes meðfram Kotagrandu. Á þessum tíma var svæðið m.a. notað sem skot- og æfingasvæði fyrir lögreglu auk sandtöku landeiganda í fjörinni. Sú notkun er löngu aflögð en minningin lifði. Með þessu frábæra frumkvæði sjálfbóðaliða er verið að varðveita sögu Seltjarnarness. Þakkar fá Árni Pétursson, Bragi Björgvinsson, Einar Hafsteinsson, Hreinn Sigurjónsson og Jón Snæbjörnsson en hann fór fyrir hópnum.

Fyrir okkur Seltirninga er mikilvægt að varðveita sögu og minjar á Seltjarnarnesi. Það er því ómetanlegt þegar einstaklingsframtakið leiðir til þess að sjálfbóðaliðar stíga fram og láta hendur standa fram úr ermum í þágu samfélagsins.

Hannes Tryggvi Hafstein  
Formaður umhverfisnefndar

## HÚSEIGENDUR – GÓÐIR ÍSLENDINGAR

Tökum að okkur lagfæringar á byggingum,  
breytingar eða endurbætur.

Parketlagnir, skjólveggi, þakviðgerðir,  
Lagfærum lóðir og bílastæði

Vanir menn – vönduð vinnubrögð

*Slaki ehf*

Upplýsingar gefa Páll, 664 7000 - pg@slaki.is  
og Halldór, 663 6600 - hk@slaki.is eða á www.slaki.is

Nesfréttir

www.borgarblod.is



# Flokkunartunnur skemmdar með flugeldasprengingum



Flokkunartunnurnar sem settar voru upp á nokkrum stöðum á Seltjarnarnesi en þær voru eitt þeirra verkefna sem íbúar völdu í íbúakosningunni Nesið okkar.

Flugeldar voru sprengdir í flokkunartunnunum sem komið var upp við Bakkatjörn í byrjun ársins og þær stórskemmdar. Um er að ræða vandaðar tunnur sem hafa vakið jákvæða athygli og Seltirningar notfært sér óspart.

Tunnurnar sem settar voru upp á nokkrum stöðum á Seltjarnarnesi en þær voru eitt þeirra verkefna sem íbúar völdu í íbúakosningunni Nesið okkar. Ekki er vitað hver eða hverjir voru þarna að verki eða hvaða hugur bjó skemmdarverkinu að baki. Tilgangurinn virðist enginn og bagalegt að hlutir sem þessi skuli ekki fá að vera í friði.



Eins og sjá má á myndinni er um verulegar skemmdir að ræða.

## Samþykktur kostnaður vegna launahækkana og hjúkrunarheimilis

Bæjarráð hefur samþykkt kostnað að upphæð rúmlega 203 milljóna króna vegna launahækkana nýrra kjarasamninga 2018, veikinda og fjölgun barna í grunn- og leikskóla. Þetta kemur fram í viðauka fjárhagsáætlunar ársins.

Bæjarráð hefur einnig samþykkt kostnað að upphæð 200 milljóna króna vegna byggingar hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi. Þá hefur bæjarráð samþykkt kostnað að upphæð átta milljóna króna vegna kaupa á félagslegri íbúð.

við hreinsum fyrir þig

Alhiða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADI fatahreinsun  
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900  
hradi@fatahreinsun.is  
www.fatahreinsun.is

# XO

FUN • FAST • FUSION



+



= 1890 kr\*

\*Tilboðið gildir aðeins á Hringbraut - alla daga til kl 16



## Dagur íþróttamaður Gróttu 2018

Knattspyrnumaðurinn Dagur Guðjónsson var kjörinn íþróttamaður Gróttu fyrir árið 2018 á dögnum. Dagur er fæddur og uppalinn á Seltjarnarnesi. Hann er 21 árs gamall og lék upp alla yngri flokkana með Gróttu. Dagur spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik árið 2014 en hefur síðustu þrjár leiktíðir verið fastamaður í liði Gróttu.

Dagur hefur alla tíð verið með framúrskarandi æfingasókn og metnað til að bæta sig og það skein í gegn á liðnu tímabili. Hann var fljótur að tileinka sér þær áherslur sem nýtt þjálfarateymi kom með að borðinu og nálgadist æfingar og leiki af miklum metnaði og fagmennsku. Á miðju undirbúningstímabili var hann orðinn lykilmáður í liðinu og endaði á að spila alla leiki sumarsins í byrjunarliði, að einum undanskildum þegar hann tók út leikbann. Eins og kunnugt er vann Gróttu sér sæti í Inkasso-deildinni með eftirtektarverðum hætti en meðalaldur liðsins var ekki hár og spilaður var áhættusamur sóknarfótbolti. Dagur stýrði spilinu af miklu hugrekki frá vörn Gróttuliðsins og varðist fimlega þegar á þurfti að halda. Hann hélt ró sinni þegar á móti blés og stappaði stálinu í liðsfélaga sína þegar á þurfti að halda. Að loknu tímabili var Dagur útnefndur leikmaður ársins af þjálfurum Gróttu og vonandi mun þessi mikli Gróttumaður halda uppteknum hætti árið 2019.



## Laufey Birna íþróttamaður æskunnar

Fimleikastúlkan Laufey Birna Jóhannsdóttir hefur verið valin íþróttamaður æskunnar fyrir árið 2018.

Laufey Birna Jóhannsdóttir er 14 ára gömul og hefur æft fimleika hjá Gróttu í 11 ár eða frá þriggja ára aldri. Laufey hefur mjög mikinn áhuga á fimleikum og mætir mjög vel á æfingar og leggur sig alla fram. Laufey er góður og hvetjandi liðsfélagi.

Laufey stundar nám í 9. bekk í grunnskólanum NÚ í Hafnarfirði og stendur sig vel þar. Hún byrjaði síðan í vetur að aðstoða við þjálfun þriggja, fjögurra og fimm ára barna á laugardögum og hefur það einnig gengið mjög vel.



## Bjarki Már til Katar

Bjarki Már Ólafsson er að taka til starfa hjá katarska stórliðinu Al Arabi ásamt Heimi Hallgrímssyni fyrrum landsliðsþjálfara. Bjarki er fyrsti þjálfarinn frá Gróttu út í atvinnumennsku.

Bjarki var yfirþjálfari yngri flokka á liðnu tímabili, var aðstoðarþjálfari í meistaraflokki og þjálfaði 7. flokk kvenna. Bjarki hefur komið að þjálfun margra flokka hjá Gróttu í gegnum tíðina en hann er annar af tveimur höfundum Gróttuleiðarinnar. Al Arabi leikur í úrvalsdeildinni í Katar en eins og kunnugt er verður Heimsmeistarakeppnin í fótbolta haldin í landinu árið 2022. Al Arabi æfir einmitt á einu flottasta æfingasvæði í heimi hjá Aspire akademíunni en þar starfar úrvalslíð lækna, sjúkrapjálfara og vísindamanna á sviði knattspyrnunnar.

Við óskum Bjarka innilega til hamingju með þetta stóra skref og hlökkum til að fylgjast með ævintýrum hans og Heimis í Katar.



Bjarki Már Ólafsson.



Sími: 588 9705  
[www.skautaholl.is](http://www.skautaholl.is)

**Opnunartímar:**  
Mánud. Þriðjud. og miðvikud. 13:00-14:30  
Fimmtudaga 13:00-14:30 og 17:00-19:30  
Föstudaga 13:00-14:30  
Laugardaga og sunnudaga 13:00-17:00

**Skólar og sérhópar:**  
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER  
GRÓTTU ER  
170

[www.grottasport.is](http://www.grottasport.is)





## Níu krakkar úr 4. flokki valin í hæfileikamótun KSÍ

Fimm stelpur og fjórir strákar úr 4. flokki Gróttu voru valin til að taka þátt í hæfileikamótun N1 og KSÍ sem fór fram 15. og 16. desember.

Það voru þau Elín Helga Guðmundsdóttir, Emelía Óskarsdóttir, Katrín S. Scheving Thorsteinsson, Lilja Liv Margrétardóttir, Lilja Scheving Davíðsdóttir, Hilmar Þór Kjærnested Helgason, Benóný Breki Andrésón, Kári Haraldsson og Tómas Karl Magnússon. Gaman er að sjá hvað margir krakkar voru valdir í hæfileikamótunina sem og aukna fjölgun Gróttu krakka á úrtaksæfingum. Knattspyrnudeildin er hreykin af þessum flotta árangri krakkanna og óskar þeim innilega til hamingju með árangurinn!

## Þrjú drengir úr 3. flokki á úrtaksæfingum U16



Davíð Snorri Jónasson, þjálfari U16 ára landsliðs karla, hefur valið hóp sem tók þátt í úrtaksæfingum í byrjun ársins.

Þrjú drengir úr 3. flokki Gróttu voru valdir í hópinn, en æfingarnar fóru fram í Kórnum og Egilshöll. Drengirnir þrjú eru þeir Grímur Ingi Jakobsson, Orri

Steinn Óskarsson og Kjartan Kári Halldórsson. Knattspyrnudeild Gróttu er gríðarlega stolt af drengjunum, en þetta er þriðja úrtakið sem strákarnir eru valdir í síðastliðna mánuði.

### PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík  
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Dagur Guðjónsson, hann var á dögunum valinn Íþróttamaður Gróttu. Dagur var lykilmáður í meistaraflokki Gróttu í knattspyrnu sem vann sér sæti í 1. deild á síðasta tímabili. Dagur er 21 árs og er uppalinn á fallega Nesinu. Hann hefur spilað fótbolta með Gróttu síðan hann var pinu lítill gutti.

**Fullt nafn?** Dagur Guðjónsson.

**Fæðingard. og ár?** 10. mars 1997.

**Starf?** Vinn á leikskóla og er nemi.

**Farartæki?** Kia Rio.

**Helstu kostir?** Ágætur í fótbolta, jákvæður og brosmildur strákur.

**Eftirlætis matur?**

Humarinn klikkar ekki.

**Eftirlætis tónlist?**

Íslenskt popp/rap.

**Eftirlætis íþróttamaður?**

Verð að segja Lionel Messi.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Brooklyn nine nine.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

Hmm? Örugglega Brennu Njáls saga.

**Uppáhalds leikari?** Kevin Hart.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?**

Star Wars myndirnar eru geggjáðar.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?**

Ég fer t.d. í bíó, horfi á sjónvarp og eyði tíma með mínum nánustu.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?**

Vivaldi völlumurinn, þar sem töfrarnir gerast.

**Hvað metur þú mest í fari annarra?**

Að viðkomandi sé góðhjartaður og hafi gaman af lífinu.



**Hvern vildir þú helst hitta?**

Hefði ekkert á móti því að hitta Sir Alex Ferguson.

**Uppáhalds vefsíða?** Fer oftast inn á fotbolti.net

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?**

Fara á Manchester United leik þar sem ég get séð minn mann Victor Linderlöf.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?**

Setja hluta í sparnað, gefa til góðgerðarmála, ferðast um USA og taka Diljá Mjöll á svakalegt date.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Ákveða að byggja knattspyrnuhöll.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?**

Að gera mitt besta.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?**

Ég komst ásamt liðsfélögum mínum upp í Inkasso deildina.

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Nesfréttir

Auglýsingasími:

511 1188



*Ógur & hvíttlaukur*



*Snudar*



*Focaccia*

## *Kökuveisla*



*Hindber*

*Englaterta*

*Crème brûlée*

*Pistasúur*



*Hjólkorna súrdeigsbraud*



## *Ítölsk braudaveisla*



*Tomatur*

# Helgardekur að hætti Jóa Fel



BAKARÍ